

**Nd.**

### **13. Frumvarp til laga**

[13. mál]

um breyting á barnalögum, nr. 9 frá 15. apríl 1981.

Flm.: Jóhanna Sigurðardóttir, Guðrún Helgadóttir.

#### 1. gr.

Á eftir 1. mgr. 17. gr. laganna komi ný mgr. svohljóðandi:

Valdsmanni er heimilt að úrskurða að lífeyrisdeild Tryggingastofnunar ríkisins greiði framlög vegna menntunar eða starfsþjálfunar barns ef meðlagsskyldur aðili er ekki lengur á lífi eða ef af öðrum ástæðum reynist ókleift að innheimta framlög samkvæmt 1. mgr., svo og vegna barna örorku- og ellilífeyrisþega sem barnalífeyris hafa notið samkvæmt 14. gr. laga um almannatryggingar.

#### 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Greinargerð.

Í 17. gr. barnalaga, sem samþykkt voru á Alþingi 1. apríl 1981, er heimild til að ákveða framlag frá meðlagsskyldum aðila til menntunar og starfsþjálfunar barns til 20 ára aldurs. Ljóst er að þessi ákvæði barnalaganna eru mjög mikilvæg og geta oft ráðið úrslitum um framhaldsmenntun eða starfsþjálfun barna einstæðra foreldra.

Þegar ofangreind ákvæði voru lögfest var ekki hugað að því að tryggja sambærilegan rétt eða stuðning við einstæða foreldra eða börn þeirra ef meðlagsskyldur aðili er ekki lengur á lífi eða ef af öðrum ástæðum reynist ókleift að innheimta greiðslu skv. ákvæðum þessarar greinar barnalaganna.

Hér er því um að ræða augljóst ranglæti og mismunur í aðbúnaði og kjörum einstæðra foreldra. Með þessu frumvarpi er leitast við að leiðrétta það. Einnig er lagt til að börn öryrkja og ellilífeyrisþega, sem ekki hafa annan framfærslueyri en bætur almannatrygginga, fái sama rétt.

Fjöldi þeirra, sem fengu greitt meðlag með börnum sínum 1. desember 1984, er 8452 einstæðir foreldrar með 10 329 börn á framfæri sínu.

Samkvæmt upplýsingum Tryggingastofnunar ríkisins fengu í september 1985 983 einstæðir foreldrar greiddan barnalífeyri með 1472 börnum vegna andláts annars foreldris. Fjöldi þeirra, sem barnalífeyris njóta þegar um er að ræða ófeðruð börn, er 90 með 92 börn á framfæri en sá hópur átti einnig rétt til framlags samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps. *Samtals er því um að ræða 1073 einstæða foreldra með 1564 börn á framfæri sínu sem ekki geta leitað til meðlagsskylds aðila með framlag vegna menntunar barna sinna eftir 18 ára aldur.* Barnalögin veita aftur á móti þeim, sem til meðlagsskylds aðila geta leitað, slíkan rétt. Samkvæmt þessu eru það um 12–13% einstæðra foreldra sem ekki geta leitað eftir rétti til framlaga vegna menntunar eða starfsþjálfunar barna sinna samkvæmt ákvæðum barnalaganna.

Ef reynt er að meta hve stór hópur öryrkja og ellilífeyrisþega fær greiddan barnalífeyri, og hefðu því rétt til að leita eftir framlagi vegna menntunar barna sinna, 18–20 ára, samkvæmt ákvæðum þessa frumvarps, kemur eftirfarandi í ljós:

<b>Barnalífeyrir</b>	<b>Fjöldi bótaþega:</b>	<b>Fjöldi barna á framfæri:</b>
Ellilífeyrisþegar .....	33	49
Öryrkjar .....	584	918
	<hr/>	<hr/>
	617	967

Hér er því um að ræða *samtals 617 öryrkja og ellilífeyrisþega með 967 börn á framfæri sínu.*

Í 17. gr. barnalaganna eru heimildarákvæði til greiðslu framlags vegna menntunar og starfsþjálfunar barns. Valdsmaður metur í hverju tilfalli aðstæður þar sem m.a. er tekið mið af efnahag og öðrum aðstæðum meðlagsskylds aðila og þess foreldris sem forsjá barns hefur. Með tilliti til þess er rétt að líta á um hve stóran hóp öryrkja og ellilífeyrisþega er að ræða sem einungis hefur sér til framfærslu bætur almannatrygginga en það gefur nokkra vísbendingu um útgjöld ríkissjóðs vegna þessa hóps yrði frumvarp þetta að lögum:

<b>Barnalífeyrir</b>	<b>Fjöldi bótaþega með óskertar tekjur</b>
Ellilífeyrisþegar .....	11
Öryrkjar .....	118
	<hr/>
	129

Samkvæmt þessu eru það 129 af 617 öryrkjum og ellilífeyrisþegum með barnalífeyri sem hafa óskerta tekjutryggingu og því einungis sér til framfærslu bætur almannatrygginga.

Nokkuð erfitt er þó að áætla kostnað ríkissjóðs, yrði frumvarp þetta að lögum, þar sem um er að ræða heimildarákvæði og úrskurður valdsmanns byggðist hverju sinni á efnahag og aðstæðum þeirra sem hlut eiga að máli.

Upphæð menntunarfamlags er miðuð við meðalmeðlag með óskilgetnum börnum eins og það er ákveðið á hverjum tíma af Tryggingastofnun ríkisins en 1. október 1985 var sú upphæð 3278 kr. á mánuði.

Athyglisvert er hve fáir einstæðir foreldrar, sem falla undir 17. gr. barnalaganna, hafa sótt eftir þeim rétti frá því að lögin tóku gildi. Samkvæmt upplýsingum Sakadóms Reykjavíkur, sem fer með úrskurð þessara mála í Reykjavík, kemur eftirfarandi í ljós:

*17. gr. barnalaga, framlög vegna menntunar eða starfsþjálfunar barna til 20 ára aldurs:*

1. jan.–31. des. 1982: 10 úrskurðir.

1. jan.–31. des. 1983: 17 úrskurðir.

1. jan.–31. des. 1984: 19 úrskurðir.

1. jan.– 9. okt. 1985: 21 úrskurður.

Beiðni varðandi menn, sem búsettir eru utan Reykjavíkur, er send viðeigandi embættum og beiðni á hendur mönnum búsettum erlendis er send dómsmálaráðuneytinu til fyrirgreiðslu. Undirstrika skal að hér er einungis um að ræða framkvæmd 17. gr. barnalaganna í *Reykjavík* en það gefur eigi að síður nokkuð góða mynd af því hve fáir einstæðir foreldrar hafa leitað réttar síns samkvæmt þessum ákvæðum barnalaganna. Það gefur tilefni til að ætla að betur þurfi að kynna og koma á framfæri þeim rétti sem einstæðir foreldrar eiga samkvæmt ákvæðum laganna.

*Þegar á heildina er litið gæfu ákvæði frumvarpsins 1690 einstæðum foreldrum, öryrkjum og ellilífeyrisþegum með samtals 2531 barn á framfæri sínu möguleika á að leita eftir framlagi til menntunar barna sinna 18–20 ára. Gera verður þó ráð fyrir að fjöldi þeirra, sem úrskurðuð yrðu menntunarframlög samkvæmt ákvæðum frumvarpsins, ef að lögum verður, yrði töluvert minni þar sem valdsmaður metur efnahag og aðstæður þeirra sem í hlut eiga hverju sinni.*

Af því sem hér hefur verið tilgreint og þeim upplýsingum, sem fyrir liggja um fyrri úrskurði samkvæmt 17. gr. barnalaganna, verður ekki ráðið að hér sé um stórar fjárhæðir að tefla fyrir ríkissjóð.

Það mikilvæga er að með samþykkt þessa frumvarps yrði tryggt að börn, sem aðeins eiga annað foreldra á lífi, hafi sömu möguleika og börn annarra einstæðra foreldra þannig að einstæðum foreldrum yrði ekki mismunað að því er varðar þann rétt og stuðning sem 17. gr. barnalaganna veitir einstæðum foreldrum. Að auki mundu börn öryrkja og ellilífeyrisþega, sem eingöngu hafa sér til framfærslu bætur almannatrygginga, njóta sama réttar.

Frumvarp þetta var flutt á 107. og 108. löggjafarþingi en náði þá ekki fram að ganga.

### Fylgiskjal.

#### UMSÖGN

#### Fjárlaga- og hagsýslustofnunar um frumvarpið.

9. apríl 1986.

Fjárlaga- og hagsýslustofnun hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breyting á barnalögum nr. 9 frá 15. apríl 1981. Breytingin felst í því að Tryggingastofnun ríkisins greiði framlög vegna menntunar eða starfsþjálfunar barns ef meðlagsskyldur aðili er ekki lengur á lífi eða ef af öðrum ástæðum reynist ókleift að innheimta framlög samkvæmt 1. mgr. laganna, svo og vegna örorku- og ellilífeyrisþega sem barnalífeyris hafa notið samkvæmt 14. gr. laga um almannatryggingar, allt samkvæmt úrskurði valdsmanns eins og kveðið er á um í 17. gr. barnalaga.

Samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins gæti verið unnt að leita eftir framlagi fyrir 2500 börn til menntunar eða starfsþjálfunar. Eru þá talin börn látinna foreldra, ellilífeyrisþega, öryrkja og ófeðruð börn sem fengu meðlags- og barnalífeyrisgreiðslur í mars 1986.

Eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpinu hafa ekki fallið margir úrskurðir um greiðslu þessara framlaga frá samþykkt barnalaga á árinu 1981. Óraunhæft er því að miða við hámarksfjölda þeirra barna sem til greina kæmu ef leitað væri eftir framlögum samkvæmt þessu heimildarákvæði. Verður hér á eftir sýnd þessi hámarkstala og hlutföll af henni miðað við meðlagsgreiðslur í mars 1986.

#### Kostnaður ríkissjóðs á ári.

2500 börn (hámark í mars 1986) .....	106,3 milljónir kr.
1500 börn (60%) .....	63,8 milljónir kr.
1000 börn (40%) .....	42,5 milljónir kr.
375 börn (15%) .....	16,0 milljónir kr.
100 börn ( 4%) .....	4,3 milljónir kr.

Miðað við fjölda úrskurða frá samþykkt laganna er lægsta talan raunhæfust í dag. Er þá gert ráð fyrir fjölgun frá því sem nú er enda má búast við fjölgun þegar lengra líður frá samþykkt laganna og einnig fjölgun þeirra er halda áfram í námi.